

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
150 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík, 10.03.2017
Tilv. 2017-0104 - 24.00
SG/mþ

Málefni: Mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps m.t.t. sjókvíaeldis

Við breytingu á lögum um fiskeldi (nr. 71/2008) árið 2014 voru sett inn ný ákvæði um að rekstrarleyfi skuli fylgja burðarþolsmat sem framkvæmt sé af Hafrannsóknastofnun. Í lögnum er mat á burðarþoli svæða skilgreint sem þol þeirra til að taka á móti auknu lífrænu á lagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Meðfylgjandi er greinargerð og mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps með tilliti til sjókvíaeldis. Vegna aðstæðna í Ísafjarðardjúpi og varuðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif áetlaðs eldis á vatnsgæði og botndýralíf, telur Hafrannsóknastofnun að hægt sé að leyfa allt að 30 þúsund tonna lífmassa í eldi í Ísafjarðardjúpi á hverjum tíma. Í þessu mati er gert ráð fyrir að heildarlífmassi í firðinum verði aldrei meiri en 30 þúsund tonn og að vöktun á áhrifum eldisins fari fram. Slík vöktun yrði forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raungönum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Sigurður Guðjónsson

Afrit:

Matvælastofnun
Landssamband fiskeldisstöðva
Umhverfisstofnun
Arnarlax hf
Arctic Sea Farm hf
Háafell ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Súðavíkurhreppur